

REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Reykholtaldshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Reykholtaldshrepps fer með stjórn heimilishjálpar í Reykholtaldshreppi. hreppi.

2. gr.

Hlutverk heimilishjónustunnar er að veita hjálpar á heimilum að tilvísan lækni, hjúkrunarkonu, ljósmóður eða öðrum tilvísunum sem hreppsnefnd metur gildar, um að hjálpar, annarrar en hjúkrunar, sé þörf vegna elli, sjúkdóms, örorku, barnsburðar, slyss, dauðsfalls eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem hreppsnefnd metur að nauðsyn sé hverju sinni.

3. gr.

Hreppsnefnd ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjónustu.

4. gr.

Heimilishjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel að koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru fjarverandi vegna veikinda.
4. Aðstoð við fatlaða, sem búa einir.
5. Önnur tilfelli, sem meta þarf hverju sinni.

5. gr.

Hreppsnefnd ber að ganga úr skugga um að starfsfólk það, sem heimilishjálpin stundar hverju sinni, sé hæft til starfsins og gefi því kost á að sækja námskeið til að auka þekkingu sína á þessu sviði.

6. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálpar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

7. gr.

Hreppsjóður ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfsfólk það, er vinnur á vegum heimilishjálparinnar kann að valda við störf sín, umfram það sem bætt er af sérstakri ábyrgðartryggingu, sem heimilishjálpin kaupir.

8. gr.

Fyrir heimilishjónustu skv. reglugerð þessari og reglum, sem hreppsnefnd setur þar um, skal sá, sem hjálpar nýtur, greiða eftir gjaldskrá, sem hreppsnefnd setur, þar sem tekið er tillit til tekna og annarra aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpin. Skal gjaldskrá þessi breytast í samræmi við laun og framfærslukostnað.

Hreppsnefnd setur og nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni.

9. gr.

Skrifstofa Reykholtaldshrepps annast bókhald og fjárreiður heimilishjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar hreppsjóðs.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reykholtisdalshrepps í Borgarfjarðarsýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið 12. nóvember 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.

1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
a) Umsóknargjald	480,00
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923	1 900,00
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4)	100,00
d) Staðfest afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn	145,00
e) Forgangsréttarskjal	200,00

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

	kr.
a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann	145,00
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá	145,00
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi	200,00

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi og öðlast gildi 1. janúar 1983. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 678/1981 15. desember 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 26. nóvember 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.